



VOOT
VERSLUN

ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1119. töl - 24. árg.



20. júní 2024

Slæða yfir utanverðu Snæfellsnesi



Komdu með eignina í sölu til mín og fáðu

Vildarkort Lindar

sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum




BOGI MOLBY PÉTURSSON
Löggiltur fasteignasali
S: 699 3444
molby@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA
Bæjarlind 4 | Sími 510 7900
fastlind.is | njaribudir.is

Það var eins og einhver hefði dregið silkislæðu yfir utanvert Snæfellsnes síðastliðinn laugar- dag. Ljósmyndari náði þessari mynd en ósagt skal látið hvort

um er að ræða þokuslæðing eða hina umtöluðu gosmóðu sem legið hefur yfir suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu undanfarn- ar vikur.

Heimaleikurinn í Sydney



5.-16. júní stóð yfir kvik- myndahátíð í Sydney í Ástralí- ú. Kvikmyndahátíðin er eins sú elsta og virtasta í heiminum. Heimildamyndin Heimaleik- urinn fékk þann heiður að vera valin til sýningar á hátíðinni og eru þau sem stóðu að myndinni því núna stödd í Sydney. Sýn- ing myndarinnar á hátíðinni var

frumsýning í Ástralíu og voru viðbrögð áhorfenda þau sterk-ustu hingað til. Í salnum var hlegið og grátið á meðan sýn- ingunni stóð. Teymið á bakvið myndina nýtti að sjálfsögðu tí- mann í Sydney verandi búin að ferðast alla þessa leið og heim- sóttu Óperuhúsið og fleiri fræg kennimerki.



FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Soroptimistar heimsóttu selafjöru

Soroptimistaklúbbur Snæfellsness hélt á dögnum síðasta fund fyrir sumarfrí í selafjörunni í Ytri Tungu. Klúbbssystur buðu með sér konum af erlendum uppruna.

Þorgrímur Guðmundsson, f.h. landeigenda, sagði frá staðnum, framkvæmdum og framtíðarsýn og svaraði spurningum um allt milli himins og jarðar.

Þegar borðað hafði verið úti í góðu veðri og félagsskap voru þátttakendur farnir að kynnst betur og umræðurnar urðu líflegar. Fram kom mikilvægi þess að nýbúar (sem margir hverjir hafa samt búið hér til fjölda ára en finnst þau enn ekki vita nóg um viðburði og félagslíf heimanna) séu boðnir sérstaklega



á viðburði þar sem margir eru annars hikandi um hvort og hvernig þau geti tekið þátt. Eins var þakkað fyrir tækifæri til að fá að æfa sig í íslensku þar sem oft

vantar tíma og hvatningu til þess. Fjöldmargir staðir hafa verið gerðir aðgengilegir á Snæfellsnesi, fyrir íbúa og gesti, til að njóta náttúru og menningar. Það er um að gera að við hjálpumst öll að við að auðvelda sem flestum að njóta þeirra.

Lýðvísindaverkefni á vegum Svæðisgarðsins Snæfellsness, um seli á Snæfellsnesi, var kynnt og farinn tilraunahringur þar sem 19 útselir og landselir voru taldir og umhverfisaðstæður skráð-

ar. Eins skoðuðum við annað lífríki, mikið líf er í fjörunni á þessum tíma. Með í för voru kíkjjar, en þeir skipta miklu máli svo hægt sé að skoða selina vel án þess að fara of nálægt.

Það er mikill hugur í klúbbssysturum að halda áfram að læra um og vinna markvisst með það hvernig hægt er að auðvelda inn-gildingu kvenna af erlendum uppruna í nærsamfélagið með vináttu og skilning að leiðarljósi.

Ungmennafélagið hélt leikjanámskeið



Þann 6. júní hófst leikjanámskeið Ungmennafélagsins Víkings/Reynis fyrir börn fædd frá 2013 til 2018. Árlega hefur verið haldið leikjanámskeið fyrir sumartímamann á vegum meistara-flokks Víkings en í ár var ákveðið að halda ekki námskeiðið og ákvað stjórn UMF Víkings/Reynis að stökva til og skipuleggja námskeið fyrir börnin.

Námskeiðið stóð yfir í rúma viku og lauk föstudaginn 14. júní með ratleik, lokahófi leikjanámskeiðsins og grilli. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá var í boði á námskeiðinu en meðal annars fóru börnin í fjöruferð, hjólaferð, vettvangsferð og ýmislegt fleirað. 30 börn sóttunámskeiðið og var gleðin allsráðandi þegar þau vörðu tíma saman.

SJ



360 Hellisandur

Viðvík - Veitingahús

Hefur þú áhuga á veitingarekstri? Húsið var nýendurbýggt og endurhannað með veitingarekstur í huga. Húsið stendur á einstökum stað á norðanverðu snæfellsnesi í einstöku landslagi og örtvaxandi komu ferðamanna.



Bogi

Fasteignasali

699-3444

Molby@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Handfærakrókar



Mikið úrval af handfærakrókum.
Tvílitir, einlitir, sjálflysandi, m/spinner og plötukrókar.

Girni



Thunderline girni
1,1 mm
1,4 mm
1,7 mm



Mummi girni
1,5 mm
1,6 mm
1,8 mm

Handfærasökkur



Handfærasökkur 2,5 kg
Galvaníseraðar & Blý

Kleinuhringir, teygjur og slóðar



Sigurnaglar



Nikkel.
Fjöldi stærða í
boði

Sjófatnaður

Úrval af fatnaði
frá Mar Wear



Handfæravinda Oilwind

Öflug færeysk vinda
á góðum kjörum.



17. júní haldinn hátíðlegur

Þjóðhátíðardegi Íslendinga var fagnað að venju með hátíðarhöldum í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Í Snæfellsbæ hófst dagurinn á opnu húsi í reiðhöllinni þar sem hestaeigendafélagið Hringur teymdi undir börnum, árlega Landsbankhlaupið var svo á sínum stað þar sem Sproti hitaði upp með börnunum sem hlupu svo af stað. Hátíðarhöldin fóru svo fram í Sjómannagarðinum í Ólafsvík að lokinni skrúðgöngu frá Landsbankanum. í garðinum setti Kristfríður Rós Stefánsdóttir hátíðina en svo tók Halldóra Unnarsdóttir við sem kynnir. Patrycja Rekelteene var fjallkonan í ár og flutti hún Rís þú unga Íslands merki eftir Einar Benediktsson. Séra Brynhildur Óla Elínardóttir sá um helgistund og Kirkjukór Ólafsvíkur söng undir stjórn Veronicu Osterhammer. Davíð Svanur Hafþórsson nýstúdent frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga flutti ræðu nýstúdents. Menningarnefnd Snæfellsbæjar tók aftur upp veitingu Menningarverðlauna Snæfellsbæjar eftir nokkurra ára pásu en það voru þau Jóhannes Ólafs-

son og Kristjana Hermansdóttir sem hlutu viðurkenningu fyrir ríkulegt framlag til menningarmála í Snæfellsbæ með útgáfu á Bæjarblaðinu Jökli. Þá endaði Jón Haukur Hilmarsson hátíðarhöldin með því að syngja nokkur lög. Í sjómannagarðinum var Unglingadeild Drekans var með sjöppu á staðnum og Forsætisráðuneytið bauð upp á köku í tilefni af 80 ára afmæli Lýðveldisins. Að lokinni dagskrá í Sjómannagarðinum var fjörið fært niður á Brúarholt þar sem Slökkvilið Snæfellsbæjar bauð upp á froðupartý.

Í Staðarsveit hélt Ungmennafélag Staðarsveitar daginn hátíðlegan á Lýsuhólsvelli. Hin árlega skrúðganga var á sínum stað og Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir var fjallkonan í ár. Flutti hún tvö ljóð eftir Símon Sigurmonsson frá Görðum, ljóðin Snæfellsbær og Ástareldur. Því næst fóru ungir sem aldnir í leiki við mikla gleði, hátíðarhöldunum var svo lokið með grilluðum pylsum og bollakökum frá Forsætisráðuneytinu í tilefni af 80 ára afmæli Lýðveldisins. Snæfellsjökulsþjóðgarður



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111

baud gestum í blómagöngu um Búðahraun í fylgd landvarðar og öllum snæfellingum var svo boðið í hið árlega Þjóðhátíðarkaffi á Hótel Búðum þar sem fjöldinn allur af fólki kom saman og hélt upp á daginn.

Í Grundarfirði hófst dagurinn á Grundar- og Kvernárhlauptinu og sundmóti UMFG. Því næst var uppskeruhátíð UMFG með grilli og verðlaunaafhendingu fyrir keppnir morgunsins. Skrúðgangangan hélt af stað frá miðbæjarreit og endaði á hátíðarsvæðinu

en hátíðardagskrá Þjóðhátíðardagsins fór fram á planinu við Íþróttahúsiði. Kynnir dagskránnar var Sýlvía Rún Guðnýjardóttir og Séra Laufey Brá Jónsdóttir var fjallkona Grundarfjarðarbæjar. Flutti hún ljóð eftir Lilju Magnúsdóttur frá Grundarfirði sem heitir Þakklæti vegalasu konunnar. Garðar Svansson hélt hátíðarræðuna, Sandy Gomez, fulltrúi Let's come together verkefnisins hélt ávarp á spænsku og Rakel Birgisdóttir þýddu það svo yfir á ensku og íslensku. Trommu-

sveit tónlistarskólans var með atriði og Skólakór grunnskólans flutti nokkur lög. Á hátíðarsvæðinu voru hoppukastalar, loftboltar, andlitsmálning, sölubás frá Blossa og Hestaeigendafélag Grundarfjarðar teymdi undir börnum. Þá bauð Grundarfjarðarbær upp á ís og Forsætisráðuneytið bauð upp á bollakökur. Í lok dags bauð Ungmennaráð Grundarfjarðar ungmennum í 5. til 10. bekk í sundlaugapartý við mikla gleði.

SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Fermingar og fermingarmót

Fermingar voru víða á Hvítasunnunni, fimm voru fermd í Grundarfjarðarkirkju, sjö í Ingjaldshólskirkju og tíu í Ólafsvíkirkirkju í ár. Séra Laufey Brá Jónsdóttir fermdi í Grundarfjarðarkirkju og Séra Ægir Örn Sveinsson fermdi í Ólafsvík og á Ingjaldshóli. Það hefur lengi verið siður fyrir því að ferma á Hvítasunnunni og hittast árgangar oft til að halda upp á fermingarmæli sitt. Hópurinn sem fermdist 1984 í Ólafsvíkirkirkju hélt upp á afmælið sitt í ár. 1970 árgangur-

inn gerði sé glaðan dag saman 27. apríl síðastliðinn og hélt upp á 40 ára fermingarafmælið. Þegar þau fermdust taldi hópurinn 25 fermingarbörn og nú 40 árum seinna hittust 20 þeirra til að halda upp á tilefnið. Hittist hópurinn í Hafnarfirði, röltu um saman og fóru svo heim til Arnbjargar Gylfadóttur og áttu saman góða stund í spjalli og nutu dýrindis veitinga. Seinna hélt hópurinn á Slippbarinn þar sem þau áttu góða kvöldstund saman við að rifja upp minningar og ræða öll heimsins mál.

Árgangurinn hefur verið duglegur að hittast yfir árin en nú var orðið heldur langt frá síðasta hitting og

mikil gleði meðal hópsins við endurfundina.

SJ



30 ára afmælishátíð Snæfellsbæjar

Snæfellsbær fagnar 30 ára afmæli í ár eftir að hann varð til við sameiningu Ólafsvíkurkaupstaðar, Neshrepps utan Ennis, Breiðuvíkurhrepps og Staðarsveitar. Sameiningin var þann 11. júní 1994 og nú 30 árum síðast fagnaði sveitarfélagið þessum áfanga með afmælisviku. Ýmsir viðburðir stóðu bæjarbúum og gestum til boð dagana 11. júní til 17. júní og tóku ungir sem aldnir virkan þátt í hátíðarhöldunum alla vikuna.

Meðal annars voru Landsbankamótariðin og Kvennamótarið Snæfellsness í golfi á Fróðárvelli, sala og sýning í Höllinni, húsnæði Félags eldri borgara í Snæfellsbæ, spuni og leikur fyrir krakka með Leikhópnum Laugu, ljósmyndasýning frá liðinni tíð í Sundlaug Snæfellsbæjar, boðið upp á ís í Lýsulaugum, kareoki í Frystiklefanum og fleira sem fjallað verður um hér.

SJ



Opnun rennibrautar

Þriðjudaginn 11. júní var formleg opnun á nýrri rennibraut í Sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík. Opnað var rennibrautina fyrir almenning 15. maí síðastliðinn en hún var svo formlega opnuð við hátíðlega athöfn sem var liður af afmælisvikunni. Rennibrautin er um 7 metrar á hæð og 57 metrar að lengd og fékk hún nafnið Hvellur við opnunin. Benóný Ísak Emilsson fékk þann heiður að klippa á bordann, Kristinn Jónasson bæjarstjóri sagði nokkur orð, boðið var upp á ís og köku og nutu gestir samverunnar í sundlauginni með lifandi tónlist.

SJ



Afmæliskaffi á Jaðri

Í tilefni af 30 ára afmæli Snæfellsbæjar var haldin afmælisveisla á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri. Boðið var upp á vel útlátíð veisluborð með kökum, kleinum og heitu súkkuláði. Systkinin Anja og Gabríel Góí Jóhannsbörn spiluðu nokkur lög fyrir heimilisfólkið og Sigríður Þóra Eggertsdóttir fór svo yfir sögu sveitarfélagsins og sameiningarinnar. Íbúar Jaðars og starfsfólk áttu góða stund saman við fögnuð á 30 árunum.

SJ



Barnastund í Þjóðgarðsmiðstöðinni

Föstudaginn 14. júní bauð Snæfellsjökulspjóðgarður börnum til barnastundar í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. Á barnastundinni var boðið upp á fræðslu, bæði Krústund og Rebbastund þar sem börnin fræddust um dýrin sem lifa í Snæfellsjökulspjóðgarði og höfðu þau virkilega gaman af. Að fræðslunni lokinni fóru þau í skemmtilega leiki með landverði, eldri börnin af Krúbóli sóttu viðburðinn með leikskólanum auk annarra barna sem mættu með foreldrum og forráðamönnum. Viðburðir sem þessi verða vikulega í sumar í Þjóðgarðsmiðstöðinni á fimmtudagsmorgnum klukkan 11.

SJ



Sýning Bjarna Sigurbjörnssonar

Opnun listsýningar Bjarna Sigurbjörnssonar í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi var fimmtudaginn 13. júní. Listmálarinn opnaði listasýninguna Tóra sem samanstendur af fjórum olíumálverkum. Nafnið Tóra vísar til veðurfyrirbærins sem sjómenn og bændur töldu að gæfi til kynna að þó stillt væri í veðri gæti verið stormur í aðsigi, þegar skýjakápa liggur yfir svæðinu og op myndast í henni yfir jöklinum. Við vinnslu verkanna á sýningunni vinnur hann með þessi átök veðuraftanna og líkindi þeirra við átök eigin heilahvela í leið að samhljómi og samhljómi manns og náttúru. Bjarni starfar á Hellissandi og rekur þar vinnustofu og listhúsið Himinbjörg ásamt eiginkonu sinni Ragnheiði Guðmundsdóttir, listakonu. Bjarni var á svæðinu við opnun sýningarinnar og ræddi listina við gesti og gangandi.

SJ



Vagn með sýningu í pakkhúsinu

Í Pakkhúsinu í Ólafsvík var Vagn Ingólfsson með sýningu á verkum sínum. Vagn vinnur með útskurð í við, er hann aðallega að vinna í birki og sjórekinn við en það merkilega við útskurðar vinnu Vagns er að hann notast nánast ekkert við rafmagnsverkfæri. Á sýningu Vagns var fjöldi verka eftir hann, þar á meðal magnað verk af Pelastikk hnút og hinn margrómaði lax sem Vagn eyddi um 600 klukkustundum í. Í Pakkhúsinu gátu gestir einnig séð hvernig Vagn vinnur verk sín þar sem hann hafði sett upp vinnuástöðu á svæðinu og skar þar út nýtt verk. Þá var Kvenfélag Ólafsvíkur með kaffisölu fyrir gesti og gangandi en mikið líf var í húsnæðinu þessa afmælisviku.

SJ

Taplaus vika í boltanum



Sigur Víkings gegn Haukum

Lið Víkings Ó. gerði sér ferð til Hafnarfjarðar í síðustu viku þar sem það heimsótti lið Hauka. Luke Williams gerði sér lítið fyrir og skoraði fimmta mark sitt í deildinni í sumar á 26. mínútu leiksins. Daniel Arnaud Ndi bætti við öðru marki rétt fyrir hálfleik og fóru því Víkingar fullir sjálfs-trausts inn í klefa í hálfleik, tveimur mörkum yfir. Luis Romero Jorge bætti við þriðja marki vík-

inga á 66. mínútu og voru því lokatölur leiksins 3-0 fyrir Víking Ó. Auðveldur sigur fyrir Víkinga sem styrkir stöðu sína í deildinni en liðið er nú með 15 stig í öðru sæti deildarinnar á eftir Selfossi. Næsti leikur Víkings Ó. átti að vera 19. júní á móti Kormákur/Hvöt í Fótbolti.net-bikarnum en liðið hefur dregið sig úr keppni og fer Víkingur Ó. því sjálfkrafa áfram í næstu umferð. Næsti leikur eru því í 2. deild á móti Höttur/Huginn á Ólafsvíkuvelli þann 23. júní klukkan 14:00.

Jafntefli gegn Uppsveitum

Reynir Hellissandi átti leik á Ólafsvíkuvelli um liðna helgi þegar þeir tóku á móti liðinu Uppsveitir. Fyrri hálfleikur var tíðindalítill en á 55. mínútu fékk leikmaður Uppsveita rautt spjald og var rekinn af velli. Reynis menn náðu ekki að nýta sér að vera manni fleiri og var fyrsta mark leiksins skorað af leikmanni Uppsveita þegar ein mínúta var liðin af uppbótatíma. Á 93. mínútu var leikmaður Reynis H., Benedikt Osterhammer Gunnarsson, rekinn af

velli fyrir munnsöfnuð. Bárður Jóhannuson náði svo að jafna fyrir Reyni H. þegar hann skoraði mark á 96. mínútu. Á uppbótatíma voru því skoruð tvö mörk og þrjú spjöld fóru á loft. Lokatölur leiksins voru því 1-1 jafntefli og geta Reynismenn gengið sáttir frá borði með 1 stig. Reynir H. er í 7. sæti deildarinnar með 2 stig en þeir eiga einn leik til góða. Næsti leikur Reynis fer fram á Ólafsvíkuvelli þann 22. júní klukkan 14:00 á móti liði KFR.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Uppskeruskákmót



Taflfélag Snæfellsbæjar hélt á dögunum uppskeruskákmót sem endir á góðu skák tímabili í vetur. Fékk stjórn félagsins skáká-hugamanninn Hrafn Arnarsson til þess að tefla með krökkunum en Hrafn var á tímabili með yfir 2000 skákstig. Víglundur Orri Heimisson vann mótið, Sævar Þorsteinsson var í öðru sæti og Alan Zuk Bednarowicz í því þriðja. Elma Lís Scheving sigraði í flokki stúlkna. Verðlaun voru einnig veitt fyrir mestu framfarir og bestu

mætinguna í vetur en Máni Berg Gunnarsson hlaut þann heiður. Eftir mótið var boðið upp á pizzur og gos en auk þess gengu allir út með verðlaunapening. Taflfélagið hefur verið mjög virkt í vetur og héldu þau fjögur mót. Auk þess fóru tveir iðkendur á Íslandsmót og eitt lið fór á Íslandsmótið í liðaskák þar sem liðið endaði í 2. sæti utanbæjarliða. Mikill uppgangur er því í taflmenningu í Snæfellsbæ og verður það vonandi áfram. JJ

Leiðrétting



Í síðasta tölublaði Jökuls var lítil frétt um Hjóladað í leikskólanum, ranghermt var að hjóla-

dagurinn hafi bara verið á Kríla-koti heldur var hann einnig á Kríubóli.



Vorhreinsun 14. júní - 24. júní

Vorhreinsun hófst í Snæfellsbæ þann 14. júní og stendur til 24. júní.

Gámar fyrir garðúrgang ásamt gámum með mold hafa verið settir upp á eftirfarandi stöðum:

Ólafsvík: við Grundarbraut 38 - 42

Rif: á túni við Háarif 37

Hellissandur: við félagsheimilið Röst

Molta er í boði á þjónustustöð Kubbs undir Enni í Ólafsvík.

Úrgangi skal skilað á þjónustustöð Kubbs í Ólafsvík, opið þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 15 - 18 og laugardaga frá kl. 11 - 15.

Tökum höndum saman og fegrum bæinn okkar.

